

Toumi gegn Ítalíu

Dómur frá 5. apríl 2011

Mál nr. 25716/09

3. gr. Bann við pyndingum

34. gr. Kærur einstaklinga

Útlendingar. Framsal sakamanna. Kæruréttur einstaklinga.

1. Málsatvik

Kærandi, Ali Ben Sassi Toumi, er túnískur ríkisborgari, fæddur árið 1965 og býr í Túnis. Hann er kvæntur ítölskum ríkisborgara og á þrjú börn. Í október 2007 var hann dæmdur í 6 ára fangelsi á Ítalíu fyrir þátttöku í alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Í maí 2009 var kæranda sleppt úr haldi. Sama dag var honum vísað úr landi til Túnis. Mannréttindadómstóllinn sendi tilmæli til ítalskra stjórnvalda á grundvelli reglu 39 í reglum dómstólsins um að fresta framkvæma þar sem kærandi hafði þá skotið máli til dómstólsins. Þrátt fyrir tilmælin var kæranda vísað úr landi og hann fluttur til Túnis 2. ágúst 2009. Í millitíðinni höfðu ítölsk yfirvöld fengið yfirlýsingu frá túnískum yfirvöldum þess efnis að réttindi kæranda yrðu virt og að honum gert mögulegt að fá heimsóknir og heilbrigðisaðstoð. Túnísk yfirvöld staðfestu einnig að ekki stæði til að ákæra kæranda fyrir hryðjuverk.

Kærandi hélt því fram að hann hefði verið handtekinn um leið og hann kom til Túnis. Hann hefði verið pyndaður en síðan loks verið sleppt. Engu að síður hefði hann þurft að þola stöðugar hótanir af hálfu lögreglu. Ítölsk yfirvöld héldu því aftur á móti fram að kæranda hefði einungis verið haldið í þrjá daga á meðan beðið var með að taka af honum skýrslu vegna þátttöku í hryðjuverkastarfsemi. Hann hefði ekki sætt illri meðferð. Ítölsk yfirvöld reiddu sig á upplýsingar frá túnískum yfirvöldum hvað þetta varðaði.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 3. og 8. gr. sáttmálans með því að flytja hann til Túnis. Einnig hefði verið brotið gegn 34. gr. sáttmálans þar sem ekki hefði orðið við bráðabirgðabæiðni dómstólsins.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn vísaði til fyrri úrlausna sinnar um aðstæður í Túnis og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi ætti á hættu að fá meðferð í Túnis sem færi í bága við 3. gr. sáttmálans. Ekki var talið að yfirlýsing yfirvalda í Túnis um að réttindi kæranda væru tryggð nægði til að leysa ítölsk yfirvalda undan ábyrgð á velferð kæranda. Vísað var til gagna þess efnis að yfirvöld í Túnis væru treg til að starfa með alþjóðlegum eftirlitsaðilum og fjálsum félagasamtökum sem hefðu eftirlit með verndun mannréttinda. Ítölskum yfirvöldum hefði borið að skoða sjálfstætt þau gögn sem veittu vísbendingar um þær móttökur sem kærandi gat átt von á í Túnis. Þau gögn sem ítölsk yfirvöld höfðu látið dómstólnum í té þóttu ekki benda til þess að slíkt mat hefði farið fram. Var því brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr.

Um 34. gr.: Dómstóllinn tók fram að ef ríki yrði ekki við bráðabirgðaákvörðunum dómstólsins væri komið í veg fyrir að hann gæti með fjallað um réttindi kæranda og komið veg fyrir að brotið yrði gegn þeim. Í því fælist brot á kærurétti einstaklinga samkvæmt 34. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda að þessu leyti, enda hefði hann verið fluttur úr ítalskri lögsögu og þannig komið í veg fyrir að hann gæti nýtt rétt sinn til að láta reyna á réttindi sín fyrir dómstólnum.

Í ljósi ofangreinds voru kæranda dæmdar 15 þúsund evrur í miskabætur og 6.500 evrur í málskostnað.

Þrír dómara skiluðu séráliti.